

Viðbragðsáætlun Borgaskóla vegna farsóttar

Fjarkennsla

SEPTEMBER 2020

Hér gefur að líta viðbragðsáætlun Borgaskóla vegna takmörkunar á skólastarfi vegna farsóttar. Áætlun þessi er hugsuð sem verkfæri fyrir kennara til að undirbúa fjarkennslu, komi til langvarandi takmörkunar skólastarfs, sóttkvíar árganga eða lokunar skólans. Lagt er upp með að kennarar séu í daglegum samskiptum við nemendur sína á rafrænu formi. Hafa þarf sérstaklega samband við foreldra nemenda sem hafa ekki verið að nota Mentor eða tölvupóst. Áhersla í fjarkennslu á báðum stigum eru verkefni tengd þeim hæfniviðmiðum sem meta þarf við lok skólaárs.

Hverju þarf að huga að?

Mikilvægt er aðlaga kennsluáætlanir með tilliti til fjarkennslu. Gott er að fara yfir hvaða hæfniviðmið á eftir að meta svo hægt sé að gefa lokamat í lok skólaárs. Einnig þarf að huga að því að gera verkefni rafræn til að auðvelda þá vinnu sem gæti verið fram undan. Hægt er að vista rafræn verkefni á Google Drive og deila þeim með öðrum. Hluti undirbúnings fjarkennslu gæti t.d. verið að afrita verkefni af sameign yfir á Google Drive. Allir kennarar ættu að vera með fartölvu frá Borgaskóla sem nýtist í fjarkennslu. Einnig þurfa umsjónarkennarar að kanna hvort allir nemendur hafi aðgang að tölvu/snjallsíma. Ef til lokunar kemur geta nemendur gert lánsamning við skólann um að fá chromebook tölvu með sér heim.

Teymi setja upp heimavinnuáætlun hvort sem er í Mentor, í gegnum tölvupóst eða á Google Classroom og deila með nemendum og foreldrum. Gott að setja tengla inn á gagnvirkar æfingar. Hugsa þarf að því að allir nemendur séu með stílabækur og námsbækur heima. Gera áætlun um hvernig skil nemenda eiga að vera til að hægt sé að gera námsmat á framvindu.

Persónuvernd hefur gefið út leiðbeiningar um fjarkennslu í skólum. Hægt er að kynna sér leiðbeiningarnar hér: [Persónuvernd - fjarkennsla í skólum](#)

Hugmyndir að verkefnum í fjarkennslu, öll skólastig:

Hugmyndir af verkefnum í fjarkennslu - Skólaumbótaspjallið

Sniðmát af vinnudagbók

Skólavefurinn

Fræðslugátt Menntamálastofnunar

Verkfærakista Menntastefnu

Netnám frá kennsluráðgjöfum í upplýsingatækni

Snjallvefjan

Hagnýtir punktar:

- Mikilvægt að halda góðum samskiptum við heimilin, huga að því hvað hentar hverjum.
- Það er gott fyrir nemendur og foreldra að vita að umsjónarkennari sé til staðar, hægt er að benda foreldrum á mikilvægi þess að hafa sýnilegt dagsskipulag heima og fylgja því eftir.
- Upplýsa þarf stjórnendur ef kennari getur ekki unnið t.d. vegna veikinda.
- Fylgjast þarf með tölvupósti daglega og láta nemendur/foreldra vita ef við erum fjarverandi.
- Skipuleggja rafræn samskipti við nemendahópinn, helst dagleg samskipti við nemendur/foreldra yngri nemenda.
- Fylgja heimavinnuáætlunum eftir og hafa samband við foreldra sem eru óvirkir.
- Muna að heimavinna þarf að innihalda meira efni en vanalega en gæta þess þó að setja ekki of mikið fyrir. Það er mesta hættan samkvæmt reynslu annarra sem sinnt hafa fjarnámi.
- Upplýsa nemendur og foreldra hvernig nálgast megi námsbækur á netinu, ef nemendur eru ekki með bækur heima – senda vefslóðir.

- Hafa áætlanir og fyriræli stutt og hnitmiðuð.
- Huga að heimilum með annað móðurmál en íslensku varðandi upplýsingagjöf. Hægt að nýta hugmyndir af vefnum ss. Fjölmenningarvefur Kópavogsbæjar, Tungumálatorg
- Það er góð reynsla af því að nýta Goggle Classroom í fjarkennslu. Einnig hefur það verið að nýtast vel í þeim skólum þar sem komið hefur til lokunar á öllum skólastigum. Það er um að gera að kynna sér á Google Classroom og hjálpast að við að nota það.
- Við hvetjum ykkur til þess að nýta Google Classroom, einnig er valkostur að nota Mentor. Hver og einn metur fyrir sig.
- Setja fram heimavinnuáætlun í því formi sem nemendur og foreldrar þekkja nú þegar, eða senda út styðjandi leiðbeiningar og fylgja skilningi á þeim eftir.
- Senda út föstudagspóst.
- Stofna samstarfshóp á netinu til að „hitta“ samstarfsfélaga.

Stjórnendur verða í góðum samskiptum við kennara, eru til taks og geta haldið fjarfundi. Mikilvægt er að sérkennarar haldi tengslum við nemendur áfram.

Nokkrir punktar fyrir nemendur/foreldra í fjarkennslu:

- Það skiptir miklu máli að fá góðan svefn og halda svefnrútinu. Huga þarf að fjölbreyttri næringu.
- Vera í góðu sambandi við kennara og fylgjast vel með áætlunum sem sendar eru. Leita aðstoðar til kennara ef eitthvað er óljóst.
- Setja upp dagsskipulag og hafa aðstöðu til að sinna lærdómi.



Google Classroom

Hvernig byrja ég?

Allir nemendur og starfsfólk Borgaskóla eru með aðgang að Google Classroom. Hægt er að skrá sig inn á classroom.google.com

Aðgangur fyrir starfsfólk er sama notendanafn og inn í tölvur, dæmi esli50 og bætt er við @gskolar.is í stað @rvkskolar.is, lykilorð er það sama og notað er við innskráningar í tölvur. Þegar skráð er inn í fyrsta skipti þarf að setja inn eftirfarandi lykilorð:

1234Reykjavik. Í kjölfarið verður lykilorð kennara það sama og inn í tölvu. Sömu leiðbeiningar gilda um aðgang nemenda. Nemendur eru ekki beðnir um að breyta lykilorði sínu við innskráningu en mælt er með að þeir geri það.



n

Þegar lykilorð hefur verið slegið inn opnast valmynd þar sem allir þeir hópar sem kennari er skráður á birtast. Inni í hverjum hópi eiga að vera nöfn nemenda. Ef nöfn nemenda vantar inn í hópana er hægt að hafa samband við Unni eða Ester. Mögulegt er að nýta sér Google Hangout til þess að nemendur „mæti“ í tíma.

Kennslumyndbönd

Að búa til nýjan bekk

<https://youtu.be/Qy976xhE72Y>

Að bæta öðrum kennara við bekk

<https://youtu.be/IJKWsAdyxeQ>

Að skrá sig í bekk (nemendur)

<https://www.youtube.com/watch?v=L8pAV9C3zJY&feature=youtu.be>

Að búa til verkefni

<https://www.youtube.com/watch?v=Y3MJpZRoFB4&feature=youtu.be>

Að búa til spurningakönnun

https://youtu.be/o_kETxbPIAc

Að búa til verkefni með einni spurningu

<https://youtu.be/OCsJx8DOJNo>

Að skoða verkefni sem lögð hafa verið fyrir (nemendur)

<https://youtu.be/oJ0N9VgFdk8>

Að skila inn verkefni (nemendur)

<https://youtu.be/bW8P9PRXkbQ>

Sjá leiðbeiningar hér að neðan fyrir nemendur og foreldra:

[Google classroom leiðbeiningar](#)

og hér:

[Google classroom leiðbeiningar 2](#)

Mentor

Sjá handbók fyrir kennara um rafræn skil hér:

[Kennarar](#)

Handbók fyrir nemendur um rafræn skil hér:

[Nemendur](#)